

Góðan daginn

Þessar hugmyndir um veggjöld eru ekki boðlegar, við erum háskattaríki og þær álögur sem eru lagðar á bifreiðar eigendur eru gríðarlega háar. Maður hefði ætlað að þeir peningar sem eru greiddir daglega af bifreiðum ætti að vera nóg til að sjá okkur fyrir almennilegu vegakerfi. Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn markvisst komið fram með loforð gagnvart kjósendum að vilja lækka skatta... Við höfum séð lítið af slíku í stjórnartíð þess annars ágæta flokks.

Þó ég sé í grunninn fylgjandi því að þeir greiða sem nota stjórnámálum, það getur þó ekki átt við í þessu tilfalli... Ef þetta verður sett á ætíð Alþingi að sjá sóma sinn í lækka aðrar álögur bifreiðar eigendur og almenning.

Ef Alþingi hefur áhuga að sækja aukna fjármuni frá ferðafólki ætti það frekar að íhuga einhverskonar komugjöld sem ættu að renna beint í innviða uppbyggingu og ekkert annað.

Það er ríkjandi ákveðin sátt um hlutverk ríkisins þegar kemur að grunnhlutverki þess, vegaframkvæmdir eru víst hluti af því.

Ef einkaaðilar ákveða að leggja vegi og rukka fólk fyrir notkun tel ég slíkt í lagi, en það er fullkomlega bilað að ríkið vilji leika slíkan leik...

Björn Leví (þingmaður Pírata) á hrós skilið að hvetja fólk til að senda inn umsögn um þetta furðulega mál.

Með fullri virðingu

Ásgeir Geirsson